

Staðfesting handhafa forsetavaldsins á skipulagsskrá fyrir „Afmælissjóð Ing- **155**
veldar Kjartansdóttur“, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráð- 14. júlí
herra 14. júlí 1952.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Afmælissjóð Ingveldar Kjartansdóttur.

1. gr.

Sjóður þessi var stofnaður á áttæðisafmæli frú Ingveldar Kjartansdóttur 31. maí 1943, af afkomendum hennar, tengdabörnum og vinum.

Nafn sjóðsins er: Afmælissjóður Ingveldar Kjartansdóttur.

Stofnfé sjóðsins var kr. 14500.00. Eign sjóðsins er nú kr. 16394.99.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er: að styrkja með fjárframlögum eða á annan hátt nám, rannsóknir og aðrar framkvæmdir, sem að því miða að efla hagsýni og vöndun í vinnubrögðum almennings hér á landi.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þannig: Kennslumálaráðherra tilnefnir einn mann í stjórn og sé hann formaður hennar. Stjórn Atvinnudeildar Háskólans tilnefnir annan og stjórn Handíða- og myndlistarskólans í Reykjavík hinn þriðja.

Stjórnin skal skipuð til fimm ára í senn, í fyrsta skipti 31. maí þ. á. Stjórnin annast reikningshald sjóðsins og úrskurðar um styrkveitingar úr honum.

4. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta í Söfnunarsjóði Íslands, ríkistryggðum skuldabréfum eða á annan jafntryggilegan hátt. Allir vextir sjóðsins og aðrar tekjur, sem honum kunna að berast, skal leggja við höfuðstólinn unz hann er orðinn kr. 25000.00 — tuttugu og fimm þúsund krónur —. Þá má í þrjú ár í röð veita alla vexti síðasta árs sem styrk samkv. ákvæðum 2. gr., enda leggist vextir og aðrar tekjur sjóðsins á næstu tveimur árum óskertar við höfuðstólinn, og þannig koll af kalli.

Þau ár, sem styrkur er veittur úr sjóðnum, skal úthlutun hans fara fram á afmælisdegi frú Ingveldar Kjartansdóttur, 31. maí.

5. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskránni og skal hún birt í Stjórnartíðindunum.

6. gr.

Fyrsta stjórn sjóðsins, sem skipuð er samkv. 3. gr., skal semja reglugerð fyrir sjóðinn, og sé það gert í samráði við undirritaða umboðsmenn stofnenda sjóðsins. Leita skal staðfestingar kennslumálaráðherra á reglugerðinni.

7. gr.

Megintilgangi sjóðsins samkv. 2. gr. má aldrei breyta. Aðrar breytingar á skipulagsskránni, sem síðar kunna að þykja nauðsynlegar, má þó því aðeins gera, að til komi einróma samþykki sjóðstjórnarinnar.

155
14. júlí8. gr.
Reikningar sjóðsins skulu árlega birtir í Stjórnartíðindunum.

Reykjavík, 28. apríl 1952.

Halldór Kjartansson.

Lúðvíg Guðmundsson.

Ingvar Kjartansson.

156
15. júlí

AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu nr. 214 frá 1951, um notkun heimildar laga nr. 94 frá 27. nóv. 1951, um innheimtu ýmissa gjalda 1952 með viðauka.

Ákvæði f-liðar auglýsingarinnar orðist þannig:

Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkv. lögum nr. 60 1939, nema gosdrykkjum samkv. 1. tölulið 4. kafla 2. gr. með 680% álagi, öli samkvæmt 3. tölulið sama kafla með 740% álagi, aldinsaft og límonaðisaft samkv. 5. og 6. tölulið sama kafla með 100% álagi og kaffibæti samkv. 1. tölulið 3. kafla með 50% álagi.

Fjármálaráðuneytið, 15. júlí 1952.

Eysteinn Jónsson.

Sigtr. Klemenzson.157
16. júlí

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 92 17. maí 1951, um jarðrækt.

1. gr.

Á eftir tölulið VII. í 11. gr. reglugerðarinnar komi nýr liður, er verði VIII. töluliður og hljóði svo:

VIII. Garðávaxtageymslur:

- a. Steyptar með þaki úr varanlegu efni kr. 5.50 á m³
 b. Garðávaxtageymslur úr öðru efni — 3.00 á m³
 Töluliður VIII., sem nú er, verði IX.

2. gr.

Á eftir tölulið VII. í 12. gr. reglugerðarinnar komi nýr liður, er verði töluliður VIII. og hljóði svo:

VIII. Garðávaxtageymslur:

- a. Steyptar garðávaxtageymslur skulu vera með steypum veggjum vel vatns-heldum og einangruðum. Gólf skal vera steyppt og svo frá gengið, að eigi geti stafað hætta af jarðvatni. Enda skal byggingarstæði valið með tilliti til þess. Þak skal vera þétt og vel einangrað. Rimlagrindur skulu vera í botni á stíum. Loftræsting skal vera góð. Hurðir skulu vera tvöfaldar.
 b. Garðávaxtageymslur úr öðru efni:
 Þær skulu vera með vel þéttu og einangruðu þaki og þannig byggðar að þær séu öruggar gegn frosti. Loftræsting skal vera góð og hurðir tvöfaldar.